

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 222/2018

2021/EES/62/01

frá 5. desember 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/719 frá 14. maí 2018 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 D 0719:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/719 frá 14. maí 2018 (Stjtið. ESB L 120, 16.5.2018, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/719, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 120, 16.5.2018, bls. 15.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.